

INNÁ1IN05

Búið til: Tue, 05 Jun 2012 11:30:31 GMT

Titill

Grunnatriði og grunnhugtök náttúruvísindagreina

Skammstöfun

INNÁ1IN05

Útgáfunúmer

1

Námsgrein

inngangur að náttúruvísindum

Viðfangsefni

inngangur að náttúruvísindum

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

1

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Í áfanganum verður farið yfir grunnatriðin í þeim námsgreinum sem tengjast náttúruvísindum. Þessar greinar eru: Líffærafræði, lífeðlisfræði, næringarfræði, jarðfræði, eðlisfræði og efnafræði. Námsgreinarnar verða annað hvort teknar fyrir stakar eða tvinnar saman yfir lengri tíma.

Forkröfur

Engar

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grunnhugtökum næringarfræðinnar
- grunngerð mannslíkamans
- frumu- og vefjagerð mannslíkamans
- sérstöðu Íslands í jarðfræðilegu tilliti, landrekskenningu og möttulstrókum
- innrænum öflum sem móta landið
- hreyfingu eftir beinni línu, hröðun og krafti
- uppbyggingu frumefna og lotukerfinu

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- reikna út orkugildi matvara og hlutfall orkuefnanna í matvörum
- geti útskýrt byggingu líkamans út frá áttum og plönum
- draga hæðarlínur og teikna þversnið
- lesa í landslag og átta sig á hvaða innri og ytri öfl hafa verið að verki

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- meta orkumikil og orkulítil matvæli ...sem er metið með... skriflegum verkefnum unnin af www.matarvefurinn.is
- útskýra hreyfingu efna yfir frumuhimnur ...sem er metið með... umræðum, skriflegum verkefnum og prófi
- útskýra afstæðan aldur jarðlaga ...sem er metið með... verkefnavinnu, umræðum og prófi

- reikna út hraða, hröðun og krafta sem verka á hluti ...sem er metið með... heimadæmum, verklegum æfingum, úrvinnslu á mæliniðurstöðum og prófi

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar**Fyrirmynd**